

GJALDSKRÁ fyrir vatnsveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald er 0,50% af heildarfasteignamati.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatns geta notið. Í þeim tilvikum sem matsverð fasteignar liggar ekki fyrir við álagningu vatnsgjalds, en fasteignin getur þó notið vatns frá vatnsveitu, er sveitarstjórn heimilt að ákveða upphæð vatnsgjalds. Það er gert með hliðsjón af áætluðu fasteignamati eignarinnar fullfrágenginnar, og ber þá að taka mið af fasteignamati sambærilegra fasteigna í sveitarfélagini.

Vatnsgjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

2. gr.

Notkunargjald.

Mælaleiga er kr. 11.790.

Verð á ein. er kr. 23 pr. m³.

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi er sveitarstjórn heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald er miðast við notkun mælda í rúmmetrum. Notkunargjald er innheimt eftir á skv. mældri notkun.

3. gr.

Heimæðagjald.

Heimæðagjald er kr. 145.340.

Eiganda lóðar ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga nr. 32/2004.

Heimæðagjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps og skal gjaldið innheimt við úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélagsins eða það hefur ráðstöfunarrétt á, og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum.

4. gr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtu-kostnaðar. Vatnsgjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni, önnur en vatnsgjald, miðast við byggingarvísítölum 1. desember 2015 (128,2 stig) og breytast í samræmi við hana árlega. Gjaldskráin tekur þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 232/2015.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps 14. janúar 2016.

Reykhólahreppi, 14. janúar 2016.

Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri.